

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skoðun ökutækja, nr. 378 29. júní 1998.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í viðauka II orðist svo:

Til 31. desember 1999 er heimilt að:

- skoða bifreið sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd á skoðunarstofu II sem hefur tæki til að mæla hemlunarvirgni í akstri, sbr. 3. gr., enda sé fjarlægð að næstu skoðunarstofu I yfir 35 km,
- skoðunarstofa II, endurskoðunarverkstæði og annað verkstæði, þar sem skoðunarstofa annast skoðun ökutækja, og skoðunarstofa I utan höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar, sé ekki búin tæki til að mæla reykþykkni frá dísilhreyfli bifreiðar,
- endurskoðunarverkstæði og annað verkstæði, þar sem skoðunarstofa annast skoðun ökutækja, sé ekki búin hreyfiplötu og hljóðstyrksmæli.

Til 31. desember 2005 er heimilt að skoðunarstofur á skoðunarsvæði í Vestfjarðakjördæmi séu í flokki II, enda verði séð fyrir viðunandi aðstöðu til að mæla hemlun ökutækja sem eru yfir 3.500 kg.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. og 67. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast gildi 1. janúar 1999.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. desember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Benedikt Bogason.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, nr. 372 25. október 1976, með síðari breytingum.

1. gr.

Við reglugerðina bætist svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákveða má að í 10. flokki 1999 skuli að loknum útdrætti samkvæmt a) - f) liðum 1. mgr. 13. gr. draga sérstaklega út tiltekinn fjölda vinninga þannig að valdar eru tveggja stafa tölur.

Valið fer fram með notkun átta hólfa stokks og er sú tala, sem fram kemur og síðustu tveir stafir mynda, skráð. Lesið skal frá þeim enda stokksins sem fjær er snúningshnúð. Val er endurtekið þar til tilskilinn fjöldi talna hefur fengist. Tölnar verða hluti af vinningaskrá, en þær vísa til síðustu tveggja tölustafa í hverju miðanúmeri. Þau miðanúmer sem þannig er vísað til eru vinningsnúmer.